

Til stjórnna skógræktarfélaganna.

Síðastliðið ár var ávöxtun sjóðsins nokkuð góð, aðeins betri en á síðasta ári. Aðeins þrjú skógræktarfélög hafa ekki sótt styrkinn sinn en hafa frest til 31. mars . Þá fellur loforðið um styrkinn úr gildi og félagið verður að sækja aftur um til sjóðsins.

Með tilvísun til 6.gr. skipulagsskrár Landgræðslusjóðs, sem kveður á um hlutverk og markmið sjóðsins, er hér með auglýst eftir umsóknum frá skógræktarfélagunum um styrki vegna verkefna á árinu 2022 samkvæmt þeim reglum sem þar gilda.

Reglur sjóðsins um styrkúthlutanir og umsóknaform, sem fylla má út á vefnum, má nálgast á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands, <https://www.skog.is/landgraedslusjodur/>

Þar er einnig hægt að finna umsóknareyðublað fyrir þá sem kjósa að skila inn umsóknum á pappír eða í tölvupósti. Umsóknir skulu sendar til Landgræðslusjóðs, Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík, merktar „Styrkumsókn 2022“ eða með tölvupósti til ty@skog.is fyrir 21. mars.

Fyrir hönd stjórnarinnar,

Þuríður Yngvadóttir
formaður